

**Nd.**

## **295. Nefndarálit**

um frv. til l. um framkvæmdasjóð ríkisins.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frv., en samkomulag hefur ekki náðst um afgreiðslu þess. Einn nefndarmanna, JPálm, þm. A.-Húnv., hefur lýst sig mótfallinn frv., en annar, HG, þm. Seyðf., kvaðst ekki að svo stöddu viðbúinn að taka ákvörðun um málið.

Samkvæmt því bráðabirgðayfirliti um tekjur og gjöld ríkissjóðs á næstliðnu ári, sem hæstv. fjármálaráðherra gaf við umr. um fjárlagafrumvarpið, hafa tekjur ríkissjóðs árið 1941 orðið miklu hærri en nokkru sinni fyrr, eða um það bil 49,5 millj. króna. Gjöldin hafa einnig vaxið mjög, en þó hefur orðið tekjuafgangur, sem nemur um 17,7 millj. kr. Sjóðeign ríkisins í árslok 1941 var rúml. 15 millj. kr. og hafði aukizt á árinu um allt að því 12 millj. kr. Um afkomu ríkissjóðs á þessu ári er ekki hægt að segja með vissu, en allt bendir til þess, að ríkistekjurnar muni einnig nú verða miklu meiri en áætlað er í fjárlögum, og ætti því að mega vænta þess, að tekjuafgangur verði einnig á reikningi ársins 1942.

Meiri hluti nefndarinnar lítur svo á, að verulegan hluta af tekjuafgangi þessara ára eigi að leggja til hliðar og geyma þar til síðar, þegar hægt verður að ráðast í nauðsynlegar framkvæmdir, sem kosta mikil fjárframlög. Viðfangsefnin, sem þarf að leysa, eru mörg. Ný heimili þarf að reisa í sveitum og við sjó og auka ræktun landsins í stórum stíl. Viða í sveitum vantar simalínur, rafstöðvar, vegi og brýr. Nýjar verksmiðjur þarf að byggja, svo sem áburðarverksmiðju, sementsverksmiðju,

verksmiðjur til fullkornari hagnýtingar á sjávarafurðum o. s. frv. Skólahús vantar í sveitum og kaupstöðum. Enn má nefna hafnarmannvirki og vitabyggingar. Mörg af þessum og fleiri verkefnum verða að biða fyrst um sinn, vegna dýrtíðar, erfiðleika við útvegum á efni til nýbygginga og skorts á vinnuafli til framkvæmdanna. En verði það tækifæri, sem nú er til þess að mynda slíkan sjóð, látið ónotað, er hætt við, að litlir möguleikar verði til nauðsynlegra framkvæmda, þegar stríðinu er lokið. Þá verður hins vegar brýn þörf að stofna til framkvæmda til stuðnings atvinnuvegum landsmanna í þeim erfiðleikum, sem vafalaust sigla í kjölfar styrjaldarinnar.

Í umræðum um frumvarpið í fjárhagsnefnd kom fram sú skoðun, að tekjuafgang ríkisins á síðastliðnu ári ætti fyrst og fremst að nota til þess að greiða ríkislán erlendis, ef unnt væri að ná samningum um greiðslu á þeim. Meiri hluti nefndarinnar er því eindregið fylgjandi, að reynt verði að greiða þessi lán, og nægir í því sambandi að vísa til þingsályktunartillögu um greiðslu ríkislána í Bretlandi, sem samþykkt var á Alþingi 10. nóv. 1941. Flutningsmenn þeirrar þáttill. voru meðal annarra tveir af undirrituðum nefndarmönnum. Með samþykkt þeirrar tillögu var skorað á ríkisstjórnina að leita samninga um fullnaðargreiðslu á lánunum ríkisins í Bretlandi. Í greinargerð, er fylgdi tillögunni, var bent á, að vegna þeirrar miklu peningaveftu, sem nú er í landinu, ætti að vera auðvelt að afla fjár með innanlands-lántöku til fullnaðargreiðslu á erlendu lánunum.

Við fjárlagaumræðurnar upplýsti hæstv. fjármálaráðherra, að skuldir ríkisins í Englandi hefðu verið um það bil 21,8 millj. kr. í árslok 1941. Væntanlega tekst ríkisstjórninni að ná samningum um greiðslu á þessum lánunum, að miklu eða öllu leyti. En meiri hluti fjárhagsnefndar telur, að ef samningar takast um greiðslu á erlendu lánunum, sé heppilegast að taka skuldabréfalán innanlands til greiðslu á þeim. Allar líkur benda til þess, að nú mundi auðvelt fyrir ríkissjóð að fá slíkt innanríkislán með hagkvæmum kjörum. Væri það að mörgu leyti æskilegt, ef hægt væri að gefa mönnum kost á að ávaxta fé sitt á þann hátt að kaupa ríkisskuldabréf. Má einnig benda á, að slíkt innanlandslántaka mundi, ásamt öðrum ráðstöfunum, verða til þess að draga úr dýrtíðinni.

Vel getur svo farið, að örðugt verði að fá lán til nauðsynlegra framkvæmda eftir stríðið, og jafnvel þótt unnt væri að fá lán, er mjög varhugavert að flytja inn erlent lánsfé í stórum stíl. Meiri hluti nefndarinnar telur því rétt að stofna framkvæmdasjóð, eins og ákveðið er í þessu frv., með riflegri upphæð af tekjuafgangi ríkisins.

Þar sem nú liggja fyrir upplýsingar um afkomu ríkissjóðs árið 1941, telur meiri hlutinn hægt að ákveða í frv. þá fjárhæð, sem lögð verði til framkvæmdasjóðsins af tekjuafgangi þess árs. Er hér flutt breytingartillaga um það, og einnig um hitt, að framlag til sjóðsins árið 1942 verði  $\frac{3}{5}$  þess tekjuafgangs, sem þá kann að verða á ríkisreikningi, en ekki bundið við ákveðna fjárhæð. Þá telur meiri hlutinn ekki nauðsynlegt að kjósa sérstaka nefnd til þess að hafa umsjón með sjóðnum og flytur tillögu um breytingu á því ákveði frv.

Með skírskotun til framanritaðs leggur meiri hlutinn til, að frumvarpið verði samþykkt með eftirfarandi

#### BREYTINGUM.

1. Við 2. gr. Greinin orðist svo:  
Ríkissjóður skal greiða til framkvæmdasjóðsins 10 milljónir króna af tekjuafgangi ríkisins árið 1941. Enn fremur skal greiða til sjóðsins  $\frac{3}{5}$  hluta þess tekjuafgangs, sem verða kann á ríkisreikningi árið 1942. Fé framkvæmdasjóðsins skal geymt í Landsbanka Íslands.
2. Við 3. gr. Greinin verði þannig:  
Fé framkvæmdasjóðs ríkisins má eingöngu verja til ákveðinna verklegra framkvæmda, samkvæmt sérstökum ákvörðunum Alþingis.
3. Við 4. gr. Greinin orðist þannig:  
Reikningur framkvæmasjóðsins skal endurskoðaður af yfirskoðunarmönnum ríkisreikninganna og birtur með ríkisreikningi ár hvert.

Alþingi, 1. maí 1942.

Sveinbjörn Högnason,  
form.

Skúli Guðmundsson,  
frsm.

Stefán Stefánsson.